

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/2049****2023/EES/83/29****frá 24. október 2022**

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 57. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 <sup>(2)</sup> er sett fram skrá yfir þriðju lönd þar sem kerfi framleiðslu- og eftirlitsráðstafana fyrir lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða eru viðurkennd sem jafngild þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(3)</sup>.
- 2) Indland upplýsti framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald þess hafi tekið eftirlitsaðilann „TQ Cert Services Private Limited“ af skrá og því ætti að fjarlægja þann eftirlitsaðila úr skránni yfir eftirlitsaðila sem Indland viðurkennir.
- 3) Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er sett fram skrá yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi og eru til þess bær að framkvæma eftirlit og gefa út vottorð í þriðju löndum. Í ljósi nýrra upplýsinga og beiðna sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá því að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 var samþykkt ætti þó að gera tilteknar breytingar á þeirri skrá.
- 4) Tilkynningar um tilvik þar sem ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum hafa borist í upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap (OFIS) varðandi „Control Union Certifications“ (BIO-149), „Ecocert SA“ (BIO-154), „Lacon GmbH“ (BIO-134) og „OneCert International PVT Ltd“ (BIO-152). Þessar tilkynningar varða mengun í miklum fjölda sendinga af afurðum sem voru framleiddar á Indlandi og sem þessir eftirlitsaðilar vottuðu sem lífrænar. Mengunin var af völdum vara og efna sem ekki eru leyfð í lífrænni framleiðslu og/eða hefðbundinni framleiðslu í Sambandinu, í magni sem var yfir og oft langt yfir hámarksgildum leifa sem eru fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 <sup>(4)</sup>. Þessi mengun felur í sér, en takmarkast þó ekki við, mengun af völdum etýlenoxíðs sem er krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi og hefur eiturhrif á æxlun.
- 5) Ennfremur hafa þessir eftirlitsaðilar ekki getað sýnt fram á að lífrænt ræktaðar vörur, sem fluttar eru inn undir eftirliti þeirra, hafi verið framleiddar í samræmi við framleiðslureglur og falli undir fyrirkomulag eftirlits sem er jafngilt því sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007 og í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(5)</sup> og (EB) nr. 1235/2008 <sup>(6)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 275, 25.10.2022, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 frá 16. desember 2021 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8).

(3) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýrarikinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls.1).

(5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtið. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

- 6) Auk þess hafa þessir eftirlitsaðilar ekki gert ráðstafanir til úrbóta til að bregðast við frávikum og brotum sem hafa komið í ljós.
- 7) Af þessum ástæðum og í samræmi við iv., v. og vii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 (7) ætti að fella eftirlitsaðilana „Control Union Certifications“, „Ecocert SA“, „Lacon GmbH“ og „OneCert International PVT Ltd“ brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd fyrir Indland að því er varðar jafngildi skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.
- 8) „A CERT European Organization for Certification S.A.“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 9) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „BioGro New Zealand Limited“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.
- 10) „Bureau Veritas Certification France SAS“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á veffangi sínu.
- 11) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta heiti þess. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætlanlegt sé að skipta heiti þessa eftirlitsaðila út fyrir „Ecocert SAS“.
- 12) Faggildingaraðilinn IOAS upplýsti framkvæmdastjórnina um afturköllun faggildingar sinnar að því er varðar eftirlitsaðilann „FairCert Certification Services Pvt Ltd“. Framkvæmdastjórnin bauð eftirlitsaðilanum einnig að leggja fram gilt faggildingarvottorð og grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta. „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ svaraði þó ekki á fullnægjandi hátt innan tilskilins frests. Að endingu lagði „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ ekki allar upplýsingar sem tengjast tæknilegum málsskjöllum þess fyrir framkvæmdastjórnina. Af þessum þremur ástæðum og í samræmi við iii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1342 ætti að fella „FairCert Certification Services Pvt Ltd“ brott af skránni yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila, sem sett er fram í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 fyrir öll þriðju lönd.
- 13) „Kiwa Sativa“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á veffangi sínu.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Lacon GmbH“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.
- 15) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „LETIS S.A.“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Afganistan, Aserbaísjan, Belarús (Hvíta-Rússland), Fílabainsströndina, Egyptaland, Eþíópíu, Íran, Kasakstan, Kirgistan, Moldóvu, Marokkó, Pakistan, Rússland, Tadsíkistan, Túrkménistan, Úkraínu, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Úsbekistan.
- 16) Faggildingaraðilinn IOAS upplýsti framkvæmdastjórnina um afturköllun faggildingar sinnar að því er varðar „LETIS S.A.“ í Tyrklandi. Framkvæmdastjórnin bauð eftirlitsaðilanum einnig að leggja fram gilt faggildingarvottorð varðandi Tyrkland og grípa til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta. „LETIS S.A.“ svaraði þó ekki á fullnægjandi hátt innan tilskilins frests. Af þessum tveimur ástæðum og í samræmi við iii. lið d-liðar 1. mgr. 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1342 er réttlætlanlegt að afturkalla viðurkenninguna á „LETIS S.A.“ fyrir Tyrkland.
- 17) „OneCert International PVT Ltd“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu og veffangi.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Oregon Tilth“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Panama.

(7) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

- 19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við beiðni frá „Organic Standard“ um að afturkalla viðurkenningu þess fyrir Rússland.
- 20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Soil Association Certification Limited“ um að hætta, að eigin frumkvæði, starfsemi sinni að því er varðar öll þriðju lönd sem það er viðurkennt fyrir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325.
- 21) „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 22) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 til samræmis við það.
- 23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI*

Í 5. lið í færslunni fyrir Indland í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 fellur línan fyrir kenninúmerið IN-ORG-006 brott.

---

## II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/2325 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. liðar í færslunni fyrir „**A CERT European Organization for Certification S.A.**“ kemur eftirfarandi:
  - „1. Heimilisfang: 52, 19is Maiou Street, 57001 Thessaloniki, Grikkland“.
- 2) Færslan fyrir „**BioGro New Zealand Limited**“ fellur brott.
- 3) Í stað 2. liðar í færslunni fyrir „**Bureau Veritas Certification France SAS**“ kemur eftirfarandi:
  - „2. Veffang: <https://www.bureauveritas.fr/besoin/agriculture-biologique-certification-bio>“.
- 4) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Control Union Certifications**“ fellur línan fyrir Indland brott.
- 5) Færslunni fyrir „**Letis SA**“ er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað heitisins „**Ecocert SA**“ kemur „**Ecocert SAS**“.
  - b) Í töflunni í 3. lið fellur línan fyrir Indland brott.
- 6) Færslan fyrir „**FairCert Certification Services Pvt Ltd**“ fellur brott.
- 7) Í stað 2. liðar í færslunni fyrir „**Kiwa Sativa**“ kemur eftirfarandi:
  - „2. Veffang: [www.kiwa.com/pt](http://www.kiwa.com/pt)“.
- 8) Færslan fyrir „**LaCON GmbH**“ fellur brott.
- 9) Í stað 3. liðar í færslunni fyrir „**LETIS S.A.**“ kemur eftirfarandi:
  - „3. Hlutaðeigandi kenninúmer, þriðju lönd og vöruflokkar:

Kenninúmer	Þriðja land	Vöruflokkur					
		A	B	C	D	E	F
AR-BIO-135	Argentína	—	—	x	x	—	—
BO-BIO-135	Bólívía	x	—	—	x	—	—
BR-BIO-135	Brasilía	x	—	x	x	—	—
BZ-BIO-135	Belís	x	—	x	x	—	—
CO-BIO-135	Kólumbía	x	—	x	x	—	—
CR-BIO-135	Costa Rica	—	—	x	—	—	—
DO-BIO-135	Dóminíska lýðveldið	x	—	x	x	—	—
EC-BIO-135	Ekvador	x	—	—	x	—	—
GT-BIO-135	Gvatemala	x	—	x	x	—	—
HN-BIO-135	Hondúras	x	—	x	x	—	—
KY-BIO-135	Cayman-eyjar	x	—	—	x	—	—
MX-BIO-135	Mexíkó	x	—	—	—	—	—
PA-BIO-135	Panama	x	—	x	x	—	—
PE-BIO-135	Perú	x	—	x	—	—	—
PY-BIO-135	Paragvæ	x	—	—	x	—	—
SV-BIO-135	El Salvador	x	—	x	x	—	—
UY-BIO-135	Úrúgvæ	x	—	—	—	—	—“

- 10) Færslunni fyrir „**OneCert International Pvt Ltd**“ er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:
- „1. Heimilisfang: KA-23B, Near Greenphield Public School, Shri Ram Colony, Ramnagar Ext., Sodala, Jaipur, 302019, Rajasthan, Indland
2. Veffang: [www.onecertinternational.com](http://www.onecertinternational.com)“.
- b) Í töflunni í 3. lið fellur línan fyrir Indland brott.
- 11) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Oregon Tilth**“ fellur línan fyrir Panama brott.
- 12) Í töflunni í 3. lið í færslunni fyrir „**Organic Standard**“ fellur línan fyrir Rússland brott.
- 13) Færslan sem varðar „**Soil Association Certification Limited**“ fellur brott.
- 14) Í stað 1. liðar í færslunni fyrir „Tse-Xin Organic Certification Corporation“ kemur eftirfarandi:
- „1. Heimilisfang: Xizhi District, City: 221416 New Taipei City, 26 F, No 95, Sec. 1, Xintai 5th Rd.“
-